

Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2012

1. Nemendur

Nemendur á vorönn 2012 voru 1009 í dagskóla og 23 í kvöldskóla. Auk þess tóku 88 grunnskólanemendur áfanga í vali þannig að þau taka einn áfanga á einu ári. Það eru venjulega færri nemendur á vorönn en haustönn. Vegna aðhaldsaðgerða var ákveðið að leggja niður kennslu í kvöldskóla á haustönn 2012. Fjölda á önn má sjá á meðfylgjandi töflu:

	vor 2012	haust 2012
Dagskólanemendur	1009	1119
Kvöldskólanemendur	23	
Grunnskólanemendur	88	98
Alls	1120	1217

Drengir eru nokkuð fjölmennari eða 54% á móti 46% hlutfalli stúlkna ef miðað er við haust 2012.

Mestur hluti nemenda FS kemur héðan af svæðinu eða 97% og flestir úr Reykjanesbæ eða 75%. Nánari dreifingu (meðaltal vor og haustannar) má sjá á meðfylgjandi töflu, einnig aldursdreifingu nemenda:

Heimili	Hlutfall
Garður	6,20%
Grindavík	10,60%
Reykjanesbær	75,10%
Sandgerði	5,90%
Vogar	3,60%
Annarsstaðar frá	3,00%

Fæðingarár	Hlutfall
Fyrir 1989	8,0%
1989	1,7%
1990	2,4%
1991	3,5%
1992	8,6%
1993	15,8%
1994	19,6%
1995	18,8%
1996	21,7%

2. Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt og má sjá það á heimasíðu skólans

<http://www.fss.is/namid/brautir/>. Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða uppá fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á haustönn 2012 hófst vinna við að þróa nýjar starfsnámsbrautir og smíðjur en styrkur fékkst frá ráðuneytinu til að útbúa slíkar brautir. Markmið okkar er að þær geti

orðið farvegur fyrir þá nemendur sem eru óráðnir og ráða ekki við hefðbundið bóknám. Með því geta þeir lokið formlegu námi í framhaldsskóla og útskrifast í anda nýrra laga með framhaldsskólapróf af viðkomandi braut.

Skipting nemenda á námsbrautir er eftirfarandi:

Námsbraut	Hlutfall
Almennar brautir	15%
Stúdentsbrautir	55%
Félagsfræðibraut	38%
Málabraut	7%
Náttúrufræðibraut	39%
Viðskipta og hagfr.	14%
Viðbótarnám til st.	2%
Starfsnámsbrautir	15%
Verknámsbrautir	13%
Starfsbraut	4%

Annað þróunarverkefni er í gangi sem snertir nýjungar í kennslu og kennsluháttum. Þetta er verkefnið, *FS skemmtilegri skóli*, sem hófst haustið 2011 og lýkur vorið 2013. Við lok vorannar 2012 var haldið málþing í skólanum og niðurstöður af starfi vetrarins voru kynntar.

Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* í samvinnu við Landlæknisembættið og á þessu skólaári er þemað hreyfing. Á haustönninni sigraði skólinn *Lífshlaupið*, í flokki fjölmennustu skólanna, en það er heilsu og hvatningarverkefni ÍSÍ.

Nú er í gangi þróunarverkefni sem við stöndum að í samstarfi við FSu og FVA og kallast *Endurskoðun og bæting á sjálfsmatskerfum* og gengur út á að meta árangur verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <http://www.fss.is/skolinn/mat/>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatsskýrslu sem birt er í skólaskýrslunni og má nálgast á heimasíðunni <http://www.fss.is/skolinn/skyrslur/>. Í síðasta skólasamningi settum við okkur markmið varðandi þætti sem við teljum að skipti máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda. Þetta eru atriði sem við viljum fylgjast með og gerum það í gegnum kennslumatið. Niðurstöður þriggja síðustu anna má sjá í töflunni hér að neðan. Markmið allra þátta nema brottfallsins náðust og freistumst við því til þess að álykta að skólastarfið sé gott og nemendum okkar líði almennt vel.

Markmið okkar var að draga úr brottfalli um 1-1,5 prósentustig yfir tveggja ára tímabil en það hefur því miður ekki tekist. Brottfall hefur því miður verið of mikið, miðað við þá sem ekki ljúka prófi en voru skráðir í upphafi, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Hluti af því er vegna nemenda sem teknir voru inn í átakanu „*Nám er vinnandi vegur*“ en brottfall í þeim hópi er meira en meðal annarra nemenda. Benda má á skýrslur sem sendar hafa verið

við lok hvefarr annar til ráðuneytisins um þann hóp. Námsráðgjöf og utanumhald hefur verið aukið með þeim hópi sem er hvað lakastur og í mestri brottfallshættu. Í haust fengum við að vera með í verkefni ráðuneytisins sem gengur út á að greina þann hóp sem er í hvað mestri brottfallshættu og er sú vinna í gangi. Til þessa höfum við aukið námsframboð, námsráðgjöf og breytt kennsluháttum en fleira þarf að koma til ef almennur árangur á að nást. Lykilatriðið varðandi brottfall virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Við í FS eru staðráðin í að finna leiðir til að draga úr þessu brottfalli.

	haust 2011	vor 2012	haust 2012	viðmið
Kennslumat almennt	4,17	4,02	4,2	4
Hvatningin	3,84	3,67	3,91	3,8
Hrósið	3,97	3,86	4,05	3,8
Líðan	4,34	4,2	4,38	4,25
Brottfall	11,50%	11,10%	11,50%	10%
Hættu á önninni			88 (7,7%)	

Nýtingarhlutfall

Á töflunni hér að neðan er hægt að sjá nýtingarhlutfalið við upphaf annar, miðað við tölur teknar eftir að fresti til úrsagnar lauk og svo við lok annar. Síðan er tilraun til að meta hversu hátt hlutfall nemenda stenst sín próf og er þá miðað við þá sem taka próf. Af þessu má sjá að rúmlega 80% þeirra sem taka próf standast þau að jafnaði.

	vorönn 2012	haustönn 2012
Upphaf annar	95%	93%
Lok annar	84%	82%
Stóðust próf	83%	82%

3. Útskrift

Það voru 164 nemendur útskrifaðir frá skólanum 2012, auk þess voru nemendur á almennri braut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Skipting útskrifaðra á annir og svið var eins og taflan sýnir, hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut.

Próf	vor 2012	haust 2012
Stúdentspróf	49	61
Verknámspróf	16	8
Framhaldsskólupróf/starfsnámspróf	11	2
Sjúkraliðar	9	2
Starfsbraut	7	

4. Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 100 á vorönn, þar af 87 kennarar, stundakennarar meðtaldir en þeir voru 8. Starfsmenn á haustönn voru 98, þar af 85 kennarar og 6 stundakennarar. Konur eru nokkuð fleiri en karlar en þær eru tæp 53% af heildarstarfsmannafjölda en karlar eru rúmlega 47%. Svipað hlutfall er innan kennarahópsins, fleiri karlkyns stundakennarar en kvenkyns voru á haustönn. Ef annað starfsfólk er skoðað þá er hlutfall kvenna marktækt hærra en karla, 66,7% á vorönn og 61,5% á haustönn.

Skipurit skólans er á vefnum og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans <http://www.fss.is/skolinn/skipurit/> .

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti í kennarahópnum miðað við haustönn 2012.

Meðalaldur starfsmanna	47,86 ár
Meðalstarfsaldur í FS	10 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu	13,2 ár
Meðalkennsluskylda	22,91 kst/viku
Fjöldi kennslustunda + álag á vorönn	1946,09
Fjöldi kennslustunda + álag á haustönn	1971,91
Nýtingarhlutfall	93%

5. Fjármál og rekstur

Skólinn hefur undanfarin ár verið að nota uppsafnaðan afgang til að geta tekið inn fleiri nemendur en mikið atvinnuleysi er á svæðinu og því brýnt að geta boðið þeim sem vilja skólavist til að halda þeim virkum. Átakið NVV hefur einnig komið þarna inní. Það er hinsvegar ljóst að þessir nemendur eru ekki að skila sér til prófs í jafn miklum mæli og aðrir nemendur. Fjöldi þeirra gefur því ekki rétta mynd af tilkostnaðinum. Á vorönn 2012 var ljóst að það stefndi í vandræði með fjárveitingar til skólans ef ekkert yrði að gert. Þar kemur tvennt til sem búið er að ræða oft við ráðuneytið og ekki ástæða til að tíunda nánar hér. Því var strax fyrir upphaf haustannar brugðist við og dregið úr kostnaði eftir því sem hægt var. Engu að síður þá stefndi í að hallinn fyrir 2013 yrði yfir 70 milljónir miðað við fyrstu tillögu fjárlaga fyrir 2013, það hefði þýtt 10% niðurskurð á okkar fjárheimildum á einu bretti. Uppbætur í fjárukalögum og uppgjör vegna NVV hafa bætt útlitið aðeins. Þegar búið er að taka saman hversu mikið fer í launakostnað (79%), húsaleigu og ræstingu (11,6%), hita og rafmagn (1,5%) og efniskaup fyrir verknámsdeildir (2,4%) þá fer ekki að verða mikið eftir til að mæta öðrum rekstrarkostnaði eins og skrifstofuvörum, endurnýjun og viðhald á búnaði svo ekki sé talað um búnaðarkaup. Rekstraryfirlit er í viðhengi aftast.

6. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við FSu og FVA og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Sótt hefur verið saman um þróunarstyrki og við vinnum saman að innleiðingu nýrrar námskrár eins og kostur er. Stjórnendur þessara skóla hittast reglulega og bera sama bækur sínar.

FS hefur átt gott samstarf við aðra skóla á svæðinu og tók þátt í fundi með öllum stjórnendum úr grunn-, leik- og tónlistarskólum í haust þar sem markmiðið var að búa til eina menntastefnu fyrir svæðið. Samstarf við grunnskólana hefur auk þess verið gott í gegnum samvinnu okkar um fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Fundir hafa verið með stjórnendum Keilis um mögulegt samstarf varðandi flugvirkjanám. Einnig hafa verið fundir með stjórnendum Fisktækniskólans um samstarf.

Við höfum einnig verið í samskiptum við aðila erlendis. Kennarar á starfsbraut voru á haustönn að ganga frá skipulagi vegna nemendaskiptaverkefnis sem þau eru þátttakendur í. Hópur nemenda er á leið til Finnlands vegna þessa.

Fulltrúar sænsks skóla komu hingað á haustönn 2012 og gengið hefur verið frá sameiginlegri umsókn um styrk fyrir mannaskiptaverkefni. Einnig hefur verið gengið frá samskonar umsókn með skóla á Sikiley. Nánar verður sagt frá þeim síðar ef styrkur fæst. Á haustönn var verið að undirbúa samevrópska ráðstefnu sem haldin verður á vorönn 2013. Þetta er ráðstefna ungs fólks úr norðanverðri Evrópu, MEP og allt útlit er fyrir að hún verði haldin hér um miðjan mars 2013. Alls eru það um 65 ungmenni frá 11 ólíkum þjóðlöndum sem sitja ráðstefnuna fyrir utan heimamenn.

7. Annað

Það er margt sem gerist á heilu ári í starfsemi skóla og ekki ástæða til að rekja það allt hér, nægir að benda á skólaskýrsluna sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <http://www.fss.is/skolinn/skyrslur/>. Þó má vekja athygli á nokkrum atburðum sem stóðu uppúr.

Nemendur FS stóðu sig vel í hinum ýmsu keppnum á liðnu ári. Þeir enduðu í öðru sæti í *HR-áskoruninni*, voru í úrslitum í *Boxinu* (framkvæmdakeppni framhaldsskólanna haldið í HR), og unnu tvenn verðlaun í *Snilldarlausnum Marels*, sjálf aðalverðlaunin fyrir snilldarlausnina og fyrir þá hugmynd sem líklegust þótti til að fara í framleiðslu. Þá bar skólinn sigur úr bítum í *Lífshlaupinu* í flokki fjölmennra skóla en lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaief, heimsóttu skólann á Forvarnardegnum og afhenti forsetinn fyrir okkur verðlaun í innanskólakeppni Lífshlaupsins.

Ný stjórn var kosin í foreldrafélaginu (<http://www.fss.is/skolinn/foreldrafelag/>) á kynningarfundum fyrir foreldra nýnema á haustönn 2012.

Stjórnendaskipti urðu í FS í haust. Ólafur Jón Arnbjörnsson lét þá af starfi skólameistara eftir að hafa gegnt stöðunni með hléum frá 1995. Kristján Ásmundsson tók við starfi skólameistara og Guðlaug Pálsdóttir tók við starfi aðstoðarskólameistara af honum.

Viðauki 1.

Rekstraryfirlit FS 2009-2012

	2012	2011	2010	2009
	FS	FS	FS	FS
Dagvinna	399.055.179	359.582.822	330.628.115	331.785.481
Vaktaálag	47.482	87.721	92.278	88.710
Aukagreiðslur	2.543.779	10.394.822	5.453.674	4.896.771
Yfirvinna	114.464.771	117.814.590	106.823.459	113.634.300
Launatengd gjöld	122.468.526	119.711.590	109.112.454	97.881.389
	638.579.737	607.591.545	552.109.980	548.286.651
Fundur, námskeið og risna	3.257.576	746.243	771.039	1.659.451
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	211.600	245.515	119.780	142.620
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	3.993.901	3.675.608	232.553	769.119
Akstur	3.495.954	2.649.220	2.869.339	2.134.450
	10.959.031	7.316.586	3.992.711	4.705.640
Tímarit, blöð og bækur	1.017.259	1.218.646	1.110.491	1.369.171
Skrifstofuvörur og áhöld	6.299.192	7.205.774	7.648.109	8.228.176
Aðrar vörur	19.786.033	15.645.870	25.017.295	22.652.372
	27.102.484	24.070.290	33.775.895	32.249.719
Önnur sérfræðipjónusta	10.050.862	9.195.623	7.298.273	6.803.955
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	1.988.065	2.007.682	1.897.982	1.849.244
Prentun,póstur, augl., flutningar	1.747.025	2.272.916	1.725.808	2.622.114
Sími og ýmis leigugjöld	4.185.532	4.194.289	3.935.570	5.351.816
	17.971.484	17.670.510	14.857.633	16.627.129
Verkaup og byggingavörur	1.690.024	1.926.007	977.894	2.201.596
Rafmagn og heitt vatn	12.252.728	10.897.354	13.064.869	11.887.025
Húsaleiga og aðk. ræsting	94.335.228	88.520.819	90.593.180	84.051.001
	108.277.980	101.344.180	104.635.943	98.139.622
Brennsluefni og olíur	44.533	51.492	54.033	152.159
Verkstæði og varahlutir	302.507	477.133	317.652	540.095
	347.040	528.625	371.685	692.254
Vextir, bætur, skattar	448.061	399.767	513.545	530.472
Eignakaup	7.385.965	19.063.486	10.867.612	10.759.311
Tilfærslur	350.272	642.860	618.091	1.490.980
	8.184.298	20.106.113	11.999.248	12.780.763
Rekstrargjöld samtals	811.422.054	778.627.849	721.743.095	713.481.778
Sértekjur	-30.329.771	-30.201.246	-30.068.606	-35.302.635
	-30.329.771	-30.201.246	-30.068.606	-35.302.635
Aðrar rekstrartekjur	-13.504.500	-14.907.812	-14.872.750	-15.459.750
	-13.504.500	-14.907.812	-14.872.750	-15.459.750
Framlag ríkissjóðs	732.975.495	712.406.679	687.938.845	679.358.399
	-	-	-	-
	732.975.495	712.406.679	687.938.845	679.358.399
Tekjur og framlag ríkissjóðs samtals	776.809.766	757.515.737	732.880.201	730.120.784
TAP/HAGNAÐUR samtals	34.612.288	21.112.112	-11.137.106	-16.639.006